

**REGLUGERÐ****um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.**

## 1. gr.

	Kr.
Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	
a) Umsóknargjald . . . . .	7.000
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923 . . . . .	12.500
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4) . . . . .	850
d) Forgangsréttarskjal . . . . .	1.600

## 2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann . . . . .	1.200
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá . . . . .	850
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi (allt að 20 síður A4) . . . . .	1.600

## 3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36/15. maí 1984 . . . . . 26.000  
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	
a) Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans . . . . .	12.500
b) Fyrir næstu fimm ár leyfistímans . . . . .	43.500
c) Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans . . . . .	87.000

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 82, 21. febrúar 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1989.*

F.h.r.  
**Páll Flygenring.**

Gunnar Guttormsson.